

Aðalfundur HRFÍ 26. maí 2015 kl.20:00 Radisson Blue Hótel Sögu Reykjavík.

Formaður HRFÍ setur aðalfund og skipar fundarstjóra og fundarritara.

Fundurinn var settur kl. 20.11, einnig var haldinn fundur á Akureyri undir stjórn svæðafélags Norðurlands (10 manns).

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað.

Fundarstjóri var Ari Karlsson og fundarritari var Guðrún Margrét Baldursdóttir.

Aðalfundur var auglýsur í rafrænni útgáfu Sáms, sem birtur var á vefsíðu HRFÍ 13. maí sl. Einnig var aðalfundurinn auglýstur á vefsíðu HRFÍ. Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan og bauð formann velkominn í pontu.

2. Skýrsla stjórnar HRFÍ.

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar

Síðasti aðalfundur HRFÍ var haldinn í veislusal reiðhóllarinnar í Víðdal þann 15. maí 2014. Gott samstarf hefur verið með stjórninni síðastliðið ár en hún fundaði ellefu sinnum á starfsárinu. Tveir fulltrúaráðsfundir voru haldnir á starfsárinu auk framboðsfundar í Gerðubergi 20. apríl sl. Hæfisreglur fyrir stjórn HRFÍ hafa verið samþykktar. Þær voru samdar af Herdísi Hallmarsdóttur. Fundargerðir stjórnarinnar eru birtar á vefsíðu félagsins. Húsnæði félagsins er notað í margvíslega starfsemi og er vel nýtt. Ný hvolpasíða var sett í loftið í október sl., www.voff.is. Ýmsar breytingar hafa orðið í starfi félagsins, aðhald og hagræðing hefur verið í fyrirrúmi sem sést á afkomutölum. Félagsmönnum fjölgar um 10% á milli ára, ættbókaskráningum fækkar lítillega og fjöldi gota stendur í stað. Fækkun um 5% er í augnskoðun hunda og fjöldi innfluttra hunda stendur í stað. FCI samþykkti 40 ræktunarnöfn á árinu, sem er tæplega 30% aukning frá fyrra ári. Skráning hefur aukist um 25% á „all breed“ sýningar en fjórar alþjóðlegar sýningar voru haldnar í stað þriggja áður. Fjórar deildarsýningar voru haldnar á árinu. Þátttaka á námskeiðum í hundafimi stóð í stað, aðsókn jókst um 5% í hundaskólanum. Skráningum í veiðipróf í tegundarhópum 7 og 8 hefur fækkað um 4% á milli ára. Samþykkt var á síðasta aðalfundi að Sámur kæmi út í blaðaformi tvisvar á ári, ritstjóri er Auður Sif Sigurgeirsdóttir. Skapgerðarmat var haldið tvisvar í maí á síðasta ári. Ýmis próf voru haldin hjá deildum félagsins og m.a. var aukning í skráningum í hlýðnipróf hjá Vinnuhundadeild á milli ára. Niðurstöðum veiðiprófa eru gerð góð skil á vefsíðum viðkomandi deilda.

Formaður fór yfir þær sýningar sem haldnar voru á liðnu ári og hvaða hundar og ræktendur hefðu verið heiðraðir að loknu sýningarárinu 2014. Úrslit sýninga og umfjöllun um afreks- og þjónustuhund ársins eru birt á vefsíðu HRFÍ og jafnframt gerð góð skil í Sámi. Aðal styrktaraðili Ungmennadeildar HRFÍ er Dyrheimar/Royal Canin en nafni deildarinnar var breytt á stjórnarfundi 20. maí sl.

Dyrheimar buðu ræktendum á fyrirlestur 30. ágúst 2014. Námskeið var haldið fyrir ritara og hringstjóra í maí. Stjórn samþykkti reglugerð um viðhald og endurbætur Sólheimakots í janúar sl. Sólheimakotsnefnd er skipuð af fimm félagsmönnum. Búið að gera upp húsið að innan og verður farið í framkvæmdir utanhúss í sumar. Margar ræktunardeildir hafa nýtt sér Kotið eftir þessar endurbætur.

Formaður fór yfir þær sýningar og fundi sem sóttir hefðu verið af hálfu félagsins á síðasta ári. Viðræður eru í gangi við FKK um að fá afnot af tölvukerfi þeirra. Kenneth Edh lést í desember á síðasta ári, sendur blómvöndur og samúðarkveðjur.

45 ára afmæli var fagnað í tengslum við aljóðlega sýningu í september síðastliðnum. Margir fyrirlestrar voru haldnir og keppni ungra sýnenda fór fram í mörgum flokkum. Brospróf (hlýðni fyrir börn) var haldið, rally hlýðni og búningakeppni.

Uppskeruhátíð haldin í tengslum við hvolpasýningu í janúar og heppnaðist vel. Ragnar Sigurjónsson og Sigrún Guðlaugardóttir voru veislustjórar. Ræktendur ársins voru heiðraðir, í fyrsta sæti var Heimsenda ræktun, Himna ræktun í öðru sæti og Gjósku ræktun í því þriðja.

Mikið hefur verið unnið í stefnumótun fyrir félagið frá stefnumótunardegi sem haldinn var 2. apríl 2011. Stjórn skipaði í vinnuhópa 15. október sl. 22. janúar var auglýst eftir félagsmönnum í fjóra hópa þar sem vantaði nokkuð upp á þátttöku. Búið er að skipa í sex vinnuhópa en félagsmenn eru hvattir til að gefa kost á sér. Hóparnir eru: Einangrunarmál, fræðsla, gagnagrunnur - ræktunardýr/heilsa, samskipti við opinbera aðila, starf ræktunardeilda, umfjöllun og kynningarstarf.

Nýr dómari var kynntur 7. október sl., Lilja Dóra Halldórsdóttir. Stutt er í að fleiri dómara verði samþykktir en 13 aðilar eru komnir mis langt í náminu. Þórhildur Bjartmartz fékk samþykki stjórnar sem sporleitardómari 15. október sl. og Kjartan Ingi Lorange var samþykktur sem retrieverdómari 30. september.

Á döfinni: Kynningarfundur um dýraverndunarlög hefur lengi verið á döfinni, ákveðið hefur verið í samráði við MAST að bíða með að kynna lögina þar til reglugerðin liggur fyrir. Kynningarfundir fyrir stjórnir ræktunardeilda munu verða haldnir, m.a. til að kynna lög félagsins og starfsemi ræktunardeilda. Fjöl mörg vinnu- og veiðipróf hafa verið samþykkt og eru þau auglýst á vefsíðum viðkomandi deilda. Augnskoðun verður í júní og hvolpasýning verður í júlí. Alþjóðlegar sýningar verða í september og nóvember og augnskoðanir verða samhliða sýningunum.

Öflugt starf fer fram í félaginu og er það sífellt vaxandi. Sýningar eru ennþá fyrirferðarmestar en annað starf sækir á. Stjórn vill að endingu koma á framfæri þökkum til allra félagsmanna sem lagt hafa af mörkum ómælda sjálfböðavinnu í margþættri starfsemi Hundaræktarfélags Íslands.

Góður rómur var gerður að ræðu formannsins.

3. **Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar**

Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdarstjóri fór yfir tölur í samstæðureikningi fyrir árið. Einnig fór framkvæmdarstjóri yfir nokkrar skýringartölur, m.a. kostnað og tekjur við augnskoðun, vinnu- og veiðipróf og sýningar.

Egill Bjarnason - kom í pontu með fyrirspurn vegna hækkunar á kostnaði vegna veiðiprófa.

Arnheiður Runólfsdóttir - kom í pontu og vildi benda á að tölvukerfið hefði verið afskrifað.

Stefanía Sigurðardóttir - kom í pontu og spurðist fyrir um hvað fælist í hlutabréfaeign upp á 24 milljónir.

Framkvæmdarstjóri steig í pontu - og svaraði því að kostnaður við veiðipróf hefði hækkað mikið, flug hefði verið dýrara, meiri matur, dómarabækur o.s.frv.

Afskrift á tölvukerfi hefði minnkað hagnað töluvert.

Hlutabréf eru eign vegna kaupa á húseigninni.

Fundarstjóri lagði ársreikninginn fyrir fundinn og var hann staðfestur með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða með handauppréttingum.

3. Heiðrun heiðursfélaga

Þessi breyting á löglegri dagskrá aðalfundar var borin undir fundinn, sem samþykkti hana með handauppréttingu - meirihluti fundarmanna samþykkti tillöguna.

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir lýsti ánægju sinni með þetta verkefni sem henni hefði verið falið. Hún kallaði fráfarandi formann, Jónu Th. Viðarsdóttur í pontu.

Guðríður fór yfir feril Jónu í stjórn félagsins frá 1995. Hún minntist á að Jóna væri mjög virt á erlendri grundu á meðal annarra félaga. Ávöxtur af samstarfi við danska kennelklúbbinn væri m.a. fjöldi nýrra íslenskra dómara.

Að þessu loknu var Jóna sæmd heiðursmerki HRFÍ. Fundarmenn hylltu Jónu með standandi lófataki í góða stund. Fulltrúar ungmenna í félaginu færðu Jónu þvínæst málverk af tík úr hennar ræktun, Cararua Alana, sem gjöf frá vinum og stuðningsmönnum. Málverkið er eftir Dagbjörtu Drífu Thorlacius.

Jóna þakkaði fyrir sig og var vel fagnað.

4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar

Kristín Sveinbjarnardóttir flutti skýrslu siðanefndar.

Brynja Tomer óskaði eftir því að taka til máls. Hún kvaðst tala sem formaður Smáhundadeildar. Þegar félagsmenn væru áminntir væru þeir útilokaðir frá m.a. trúnaðarstörfum fyrir deildir en upplýsingar til deildanna vantaði um það þegar félagsmenn hefðu gerst brotlegir og hefðu verið útilokaðir frá starfi.

Ásta María Karlsdóttir kom í pontu og vildi spyrjast fyrir um fyrningu á brotum gagnvart Siðanefnd - hvort hægt væri að setja reglur um það.

Fundarstjóri tók fram að stjórn myndi taka þessar fyrirspurnir til skoðunar.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.

Fríður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri kynnti starfs- og fjárhagsáætlun. Áætlunin var samþykkt með lófataki.

6. Lagabreytingar

Þrjár lagabreytingatillögur bárust fyrir 1. mars sl.

Tillaga 1:

Vinnuhópur um starf ræktunardeilda HRFÍ leggur hér með fram lagabreytingartillögur á 20. og 22. grein í kaflanum VII Ræktunardeildir, fyrir aðalfund HRFÍ.

Eru þessar breytingartillögur nefndarinnar gerðar til að skerpa á og gera skýrara orðalag varðandi skráða félagsmenn í deildum sem og að gera opnara fyrir deildir að halda ársfundi sína á lengra tímabili.

Lagabreytingatillaga:

VII. Ræktunardeildir

Var: 20. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni.

Verður: 20. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild eða þeir sem síðastliðin tvö ár fyrir ársfundinn hafa verið skráðir eigendur hunda í deildinni. Jafnframt skulu þeir hafa greitt félagsgjald fyrir það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort sem þau greiða félagsgjald sem hjón eða hvort í sínu lagi, svo framarlega sem annað þeirra er skráður eigandi hunds í deildinni.

Skýring: Í dag er möguleiki að lesa út úr greininni að nægilegt sé að hafa átt hund í tvö ár í deildinni til að hafa kjörgengi og kosningarétt ekki síðastliðin tvö ár. Með breytingatillögunni er skorið úr um þetta.

Var: 22. Ræktunardeildir skulu halda ársfundi sína í mars á hverju ári og skila ársskýrslu sinni og öðrum upplýsingum sem félagsstjórn kann að óska eftir fyrir marslok ár hvert.

Verður: 22. Ræktunardeildir skulu halda ársfund á tímabilinu 1. janúar til 31. mars á hverju ári og skila stjórn HRFÍ ársskýrslu sinni, ársuppgjöri, lista yfir stjórnarmenn deildarinnar og öðrum upplýsingum sem stjórn félagsins kann að óska. Skulu gögn þessi send fyrir 15. apríl ár hvert. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá þessari reglu.

Skýring: Þessi lenging á tímabili fyrir ársfundi auðveldar stjórnnum deilda sitt starf með lengra tímabili og dreifir álagi á skrifstofu og stjórn varðandi skil á ársskýrslum, uppgöri oph.

Verði þessar breytingar samþykktar á aðalfundi HRFÍ þarf að breyta reglugerðum til samræmis.

Klara Símonardóttir kom í pontu og útskýrði breytingatillögurnar.

Eru þær aðallega til að skýra og einfalda nógildandi reglur. Breyting á tímabili aðalfunda er til að gefa meira svigrúm.

Jóna Th. Viðarsdóttir kom í pontu og gerði athugasemdir við fyrri breytingatillöguna, sagði skýrar forsendur hafa legið fyrir orðalagi greinar 20 í upphafi.

Fundarstjóri las upp greinarnar eins og þær eru í dag og eins og þær yrðu eftir breytingar.

Gengið var til atkvæða með handaruppréttingum, telja þurfti atkvæði en mjótt var á munum og fundarstjóri ákvað að ganga til skriflegrar atkvæðagreiðslu og greiða atkvæði með já/nei á bláan miða. Einnig var haft samband við félag á Akureyri varðandi atkvæðagreiðslu.

Gert 5 mínútna hlé á fundinum vegna talningar.

Atkvæði: auðir/ógildir - 8, já - 71, nei - 96 - Tillagan var felld.

Breyting á 22. gr. lögð undir fundinn, atkvæði greidd með handaruppréttingu. Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Tillaga 2:

Arnheiður Runólfsdóttir óskar eftir að á næsta aðalfundi félagsins verði neðangreind lagabreyting borin undir félagsmenn og kosning verði leynileg.

Lagt er til að neðangreindar lagagreinar verði felldar niður.

VIII. Hundaskóli HRFÍ

24. Starfrækja skal hundaskóla innan HRFÍ. Hundaskólinn skal sjá um fræðslu er varðar meðferð, uppeldi og þjálfun hunda undir stjórn viðurkenndra leiðbeinenda.

25. Skólanefnd skal skipuð þremur fulltrúum, tveim tilnefndum af stjórn HRFÍ og einum af starfsmönnum skólans.

Tillaga þessi er tilkomin vegna þess að í dag eru nokkrir hundaskólar starfandi og geta hundaeigendur því valið sér skóla eftir því hvaða þjálfunaraðferðir þeir kjósa. Því tel ég að það sé óþarfi að skylda félagið til að reka hefðbundinn hundaskóla. Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að fara fram á að Hundaskóli HRFÍ verði lagður niður heldur að stjórn HRFÍ meti það hvort hún vilji standa fyrir þeim rekstri eður ei.

Arnheiður Runólfsdóttir kom í pontu og útskýrði lagabreytingartillöguna, hún áréttaði að ekki væri átt við að þess væri krafist að skólinn yrði lagður niður heldur að það væri ekki lagaskylda fyrir félagið að starfrækja skóla.

Herdís Hallmarsdóttir kom í pontu með breytingatillögu við breytingatillöguna: - 24, gr, breytist þannig að skipt væri inn "starfrækja má hundaskóla" í stað "starfrækja skal hundaskóla"

Arnheiður kom aftur í pontu og lýsti sig samþykka breytingartillögunni og óskaði eftir því að draga sína tillögu til baka og að breytingartillagan yrði lögð fyrir atkvæðagreiðslu.

Tillagan var samþykkt með handaruppréttingum yfirgnæfandi meirihluta fundarins, þar á meðal félagsmanna fyrir norðan.

Tillaga 3:

Guðbjörg Guðmundsdóttir leggur til breytingar á 10 gr. í 4 kafla laga félagsins

IV. Stjórn félagsins

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu jafnframt ekki vera á launaskrá hjá félaginu.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda tilkynnt á heimasíðu félagsins. 31.mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Breytingatillaga Guðbjargar er feitletruð:

IV. Stjórn félagsins

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. **Hver sem kjörinn er til setu í stjórn, hvort sem er formaður eða stjórnarmeðlimur skal eigi sitja lengur en 3 kjörtímabil eða 6 ár í senn. Endurframboð er leyfilegt þegar stjórnarmeðlimur hefur verið utan stjórnar í 2 ár.** Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu jafnframt ekki vera á launaskrá hjá félaginu.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda tilkynnt á heimasíðu félagsins. 31.mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Rökstuðningur: Eðli lifandi félagasamtaka ætti að vera að endurspeгла skoðanir sem allra flestra sem í þeim eru. Ef sama fólk er situr við stjórnvölinn of lengi fara starfshættir félagsins að endurspeгла einungis skoðanir þeirra sem eru í stjórn, því ber að leitast við að áherslur og skoðanir sem flestra félagsmanna séu endurspegladur í starfi félagsins. Með því að takmarka setu tíma hvers einstaklings í stjórn á hverjum tíma má gera ráð fyrir því að skoðanir og viðhorf sem flestra félagsmanna sé endurspegluð í störfum félagsins.

Guðbjörg Guðmundsdóttir steig í pontu og útskýrði forsendur breytingartillögu sinnar. Hún telur að raddir allra félagsmanna fái ekki tækifæri til að hljóma ef stjórnarmenn geti setið of lengi.

Jóna Th. Viðarsdóttir steig í pontu og minnti á að sambærileg tillaga hefði komið fyrir aðalfund árið 2011. Hún kvaðst vilja koma fram andmælum við tillöguna. Hún kvaðst telja að núverandi fyrirkomulag væri lýðræðislegt þar sem fundarmenn á aðalfundi kysu þá sem þeir treystu til stjórnarstarfa hvort sem þeir hefðu setið lengur eða skemur í stjórn.

Ýmiskonar tengsl geta myndast sem erfitt getur verið að koma á aftur, við stjórnámálamenn, styrktaraðila ofl. Jóna skoraði á fundarmenn að treysta lýðræðinu og fella tillöguna. Hún tók fram að meirihluti stjórnarmanna væri sammála sér.

Fundarstjóri tilkynnti að beiðni hefði borist um skriflega atkvæðagreiðslu frá félögum á Akureyri og að hann hefði samþykkt þá beiðni.

Lilja Dóra Halldórsdóttir kvaðst mæla gegn tillögunni. Hún kvað félagið vera mjög opið og lýðræðislegt félag og kvaðst vera fullfær um að kjósa sér stjórnarmenn á hverju ári og formann annað hvert ár. Ef hún væri ósátt kysi hún einhvern annan. Lýðræðið virkaði þannig að ef vilji væri til breytinga þá kæmu mótframboð gegn sitjandi stjórnarmönnum. Hún benti á að sambærileg breytingartillaga væri ekki um varamenn.

Lilja Dóra lýsti þeirri skoðun sinni að tillagan væri ólýðræðisleg og að hún treysti sér til að kjósa sér stjórn án kvóta.

Fundarstjóri gaf tilmæli um skriflega atkvæðagreiðslu og hlé var gert á fundi á meðan á talningu stóð.

Úrslit lagabreytingatillaga 3: auðir - 10, já - 43, nei 132

Tillagan var felld.

7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.

Kynning á frambjóðendum var sett á vefsíðu HRFÍ 10. apríl sl. Jafnframt var haldinn framboðsfundur í Gerðubergi 20. apríl.

Kosning formanns:

Í framboði í til formanns:

Herdís Hallmarsdóttir

Herdís Hallmarsdóttir var ein í framboði og var því sjálfkjörin í það embætti. Henni var fagnað með standandi lófataki fundarmanna.

Herdís steig í pontu og þakkaði traustið sem henni hefði verið sýnt. Hún kvaðst hlakka til að vinna í nýrri stjórn. Hún kvað auð félagsins liggja í fólkinu. Óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf væri undirstaða félagsstarfsins og félagið hefði alla burði til að vaxa og dafna. Hún kvaðst vilja fagleg, góð og lýðræðisleg

vinnubrögð í félaginu. Henni þætti tímabært að taka til endurskoðunar reglur og lagaverk félagsins. Brynt væri að stjórn fylgdi vinnu starfshópa vel eftir. Einnig væri mikilvægt að stjórnin ynni þessa vinnu með aðstoð grasrótarinnar sjálfrar. Sjálfsgagt væri að tillögur væru unnar í nánú samstarfi við félagsmenn. Brynt væri að efla starf með vinnu og eðli hundanna en erfitt væri að sjá hvernig það gerðist án aðstöðu fyrir þess háttar vinnu. Hún kvaðst velta fyrir sér hvers vegna HRFÍ gæti ekki setið við sama borð og hestamannafélög, sem væru viðurkennd íþróttafélög. Reynandi væri að freista þess að komast inn á þann vettvang. Brynt væri að hundar hlytu viðurkenningar sem hluti af eðlilegu fjölskyldulífi, félagsmenn þyrftu að standa saman, þannig næðist að efla og styrkja félagið.

Úr stjórn ganga Arinbjörn Friðriksson og Herdís Hallmarsdóttir. Úr varastjórn gengur Brynja Tomer.

Í framboði til stjórnar til 2ja ára eru:

Daníel Örn Hinriksson	til vara í varastjórn
Eyrún Arnardóttir	til vara í varastjórn – dró framboð sitt til baka
Guðbjörg Guðmundsdóttir	
Guðný Vala Tryggvadóttir	til vara í varastjórn
Pétur Alan Guðmundsson	til vara í varastjórn
Þórdís Björg Björgvinsdóttir	til vara í varastjórn

Í framboði í varastjórn til 2ja ára er:

Brynja Tomer í endurkjöri

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að taka stuttlega til máls ef þeir vildu.

Daníel Örn Hinriksson steig í pontu og kynnti sig. Hann hefur verið félagi síðan 2002 og hefur verið virkur í starfi félagsins alla tíð, m.a. var hann einn af stofnendum Chihuahua deildar félagsins. Hann hefur sótt ýmis námskeið á vegum félagsins og er í dómaranámi. Hann vill auka lýðræði í félaginu, auka fræðslu, fjölga útivistarsvæðum fyrir hunda ofl.

Guðbjörg Guðmundsdóttir hefur verið meðlimur í HRFÍ frá 2004: Hún kvaðst ekki vera ræktandi en hefði tekið þátt í mikilli vinnu með hundana. Hún kvaðst hafa áhuga á því að grasrótin hefði meira að segja í starfi félagsins, m.a. með breytingu á fulltrúaráðsfundum með virkari þátttöku. Sat í stjórn Retriever deildar í 6 ár, 3 ár sem ritari og 3 ár sem formaður.

Guðný Vala Tryggvadóttir, hefur verið félagsmaður í HRFÍ í 17 ár. Hefur ræktað St. Bernhards hunda síðan 2002, finnst mikilvægt að fulltrúar sem flestra hópa innan félagsins séu í stjórn. Hún lítur á sig sem fulltrúa ræktandans.

Brynja Tomer tók til máls fyrir hönd Péturs Allans Guðmundssonar. Hún benti á langt starf Péturs innan félagsins og langa og víðtæka reynslu.

Þórdís Björg Björgvinsdóttir hefur verið virk í starfi félagsins í 18 ár, sem ungur sýnandi, starfsmaður á sýningum, ræktandi, sýnandi og dómaranemi. Hún er í starfshóp um einangrun og fræðslu. Hún hefur

nýlega tekið sæti í stjórn íþróttadeildar. Félagsmenn vinna sjálfir best að framgangi félagsins og eiga að taka vel á móti nýjum og áhugasömum félögum.

Atkvæði:

Daníel 84

Guðbjörg 72

Guðný Vala 29

Pétur Allan 101

Þórdís Björg 56

Samkvæmt þessu eru Daníel Örn Hinriksson og Pétur Allan Guðmundsson kjörnir í aðalstjórn HRFÍ.

Næst er gengið til kosninga til varastjórnar.

Brynja Tomer steig í pontu og kynnti sig sem frambjóðanda til varastjórnar HRFÍ. Hún óskaði nýkjörnum formanni og stjórnarmönnum til hamingju. Hún kvað ástæðu þess að hún byði sig fram til þessara starfa væri áhugi á hundum og málefnum hunda og hundeigenda. Hún kvaðst vonast til þess að frambjóðendur ynnu áfram að þessum málum hvort sem þeir næðu kjöri eða ekki.

Brynja 92

Guðný Vala 24

Þórdís Björg 65

auðir/ógildir 5

Samkvæmt þessu er Brynja Tomer réttkjörin í varastjórn til næstu tveggja ára.

8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.

Aðalmenn: Maríanna Gunnarsdóttir, Þorsteinn Þorbergsson og Pétur Alan Guðmundsson.

Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir

Maríanna og Þorsteinn skoðast sem sjálfkjörnir skoðunarmenn þar sem Pétur Allan var kosinn í stjórn. Gunnar og Margrét Dögg eru sjálfkjörnir varamenn.

Var þessari niðurstöðu fagnað með lófataki.

9. Kosning siðanefndar

Siðanefnd skal kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar félagsmanna HRFÍ, jafnframt skal kjósa tvo varafulltrúa. Nefndarmenn og varamenn þeirra geta ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn HRFÍ. Siðanefnd velur sér formann.

Núverandi stjórn siðanefndar hefur gefið kost á sér í endurskjöri:

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Kristín Sveinbjörnsdóttir og Anna M. Flygenring gefa allar kost á sér til áframhaldandi setu í Siðanefnd sem aðalmenn. Guðrún

Sigríður Sigurðardóttir og Hilmar Sigurgíslason gefa kost á sér til áframhaldandi setu sem varamenn.

Framangreind skoðast sjálfkjörin sem aðalmenn og varamenn. Var þessu fagnað með lófataki.

10. Önnur mál.

Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins. Ef tillaga er lögð fram á aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál skv. þessum tölulið, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar, en ekki til ákvörðunar.

Á stjórnarfundum 20. maí sl. samþykkti stjórn HRFÍ að leggja neðangreinda ályktun fyrir aðalfund til samþykktar.:

Hundaræktarfélag Íslands fagnar og styður heilshugar tillögu, sem Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks mælti fyrir og samþykkt var í borgarstjórn 19. maí sl. Í tillögunni er því beint til ríkisins að rýmka reglur svo það sé hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvernig það kys að haga reglum um á hvaða stöðum sé leyfilegt að hafa dýr.

Tillagan í heild sinni:

Borgarstjórn samþykkir að beina þeim tilmælum til ríkisvaldsins að rýmka reglur um hollustuhætti og matvæli svo það sé hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvernig það kys að haga reglum um á hvaða stöðum sé leyfilegt að hafa dýr, svo sem á kaffihúsum, veitingastöðum, líkamsræktarstöðvum, samkomuhúsum o.s.frv. Það er réttlætismál að sveitarfélög hafi svigrúm gagnvart eigendum slíkra staða að leyfa dýrahald ef þeir óska.

Jóna Th. Viðarsdóttir steig í pontu og áréttaði að um stjórnarsamþykkt væri að ræða sem stjórnin hefði óskað eftir að ályktunin yrði lögð um fyrir fundinn og það bókað þannig að stuðningur HRFÍ við tillöguna kæmi fram.

Jórunn Sörensen - steig í pontu og lýsti þeirri skoðun sinni að tillagan væri fáránleg. Hún telur ályktunina ekki ganga nógu langt. Hún lagði til að tillögunni yrði aftur vísað til stjórnar til frekari umfjöllunar.

Brynja Tomer - benti á að tillagan gengi út á að fundurinn lýsti yfir ánægju sinni með þetta framfaraskref og fáránlegt væri að samþykkja þetta ekki.

Tillaga Jórunnar var felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Tillaga stjórnar var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Tillaga frá Jónu Th. Viðarsdóttur til umfjöllunar:

Fundurinn samþykkti að tillaga Jónu yrði rædd undir liðnum önnur mál.

Ritun sögu Hundaræktarfélags Ísland

Það er löngu ljóst að vinna þarf að ritun sögu félagsins og er reyndar eitt af óafgreiddum málum á borði stjórnar HRFÍ. Til að veita stjórn HRFÍ stuðning í því að koma þessu mikilvæga verkefni á laggirnar legg ég eftirfarandi fyrir aðalfundinn til umfjöllunar með von um góðar undirtektir:

Stjórn HRFÍ finni svo fljótt sem verða má aðila til að rita sögu Hundaræktarfélags Íslands og skipi í nefnd þessum aðila til aðstoðar.

Ákjósanlegt er að þeir sem vel þekkja til verði skipaðir í nefndina t.a.m. fyrrum formenn og varaformenn. Fyrir 50 ára afmæli félagsins þann 4. september 2019 verður síðan gefið út veglegt afmælisrit. Til að fjármagna vinnu og útgáfu afmælisritsins er lagt til að félagsgjald hækki næstu fjögur árin um 500 – 1000 kr. eða um þá upphæð sem stjórn telur þurfa til að fylgja þessu verkefni vel úr hlaði. Það yrði þannig afmælisgjöf félagsmanna til HRFÍ á þessum tímamótum.

Jóna Th. Viðarsdóttir kvaðst leggja þetta erindi undir fundinn til stuðnings stjórninni við verkefnið, sem væri brýnt. Hún kvaðst vonast eftir góðum undirtektum fundarins.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls um tillöguna, sem er ekki bindandi en hugsuð til að sýna vilja aðalfundar án þess að binda hendur stjórnarinnar formlega.

Meirihluti fundarins styður tillöguna.

Mælendaskrá var opnuð vegna liðarins önnur mál.

Ragnar Sigurjónsson steig í pontu og lýsti yfir ánægju sinni með nýjan formann og nýja stjórn. Allir ættu að starfa að sömu markmiðum.

Hulda Jónasdóttir - steig í pontu og lýsti þeirri skoðun sinni að hún saknaði einkunnaborða á sýningum. Hún sagði að það skipti máli fyrir byrjendur að fara heim með borða af sýningu. Hún velti fyrir sér hvort mikill sparnaður væri af því að sleppa þessu og hvort ekki þyrfti að breyta sýningarreglum.

Fundarstjóri sagði að fyrirspurn yrði vísað til sýningarstjórnar. Hann bauð fráfarandi formann velkominn í pontu til að slíta fundinum og gaf jafnframt frá sér fundarstjórn.

Jóna Th. Viðarsdóttir, fráfarandi formaður, steig í pontu og flutti lokaorð.

Jóna kvaðst vilja þakka samstarfsmönnum sínum í stjórn HRFÍ, framkvæmdarstjóra og starfsfólki á skrifstofu félagsins, ræktunarstjórnnum, Ungmennadeild og foreldraráði, nefndarmönnum og öllum þeim sem komið hefðu að starfi félagsins fyrir gott samstarf. Hún kvaðst alltaf hafa haldið því sjónarmiði á lofti að sem flestir félagsmenn kæmu að starfsemi félagsins og svo sannarlega hefði þeim fjölgað sem það gerðu og jafnan af mikilli gleði.

Jóna benti á að núna gæfist kostur á að fylgja eftir stefnumarkmiðum félagsmanna í þeim starfshópum sem settir hefðu verið á laggirnar. Umræða hefði skapast um litla starfsemi í mörgum ræktunardeildum og væri nú svo komið að sameina

hefði þurft deildir vegna þess að ekki tækist að manna stjórnir í sumum deildanna. Ef félagsmenn væru ósáttir við þessa þróun væri ekkert annað að gera en að bretta upp ermarnar og gera betur.

Mörgu hefði verið áorkað á starfsárinu, eins og kæmi fram í skýrslu stjórnar, en eins og hún yrði seint þeytt á að segja væri félagið aldrei betra en félagsmenn þess. Innanbúðar þrætur og niðurrif, hvort heldur sem væri í ræðu eða riti, kæmu okkur ekkert áleiðis. Mikilvægt væri að standa saman um velferð og orðstír félagsins.

Jóna kvaðst vilja óska nýkjörnum formanni og stjórnarmönnum til hamingju með kjör þeirra og þakka þeim sem gáfu kost á sér og voru kjörnir á fundinum í trúnaðarstörf fyrir félagið. Öllum þessum aðilum óskaði hún velfarnaðar í störfum fyrir félagið. Hún kvaðst treysta því að áfram yrði stutt við erlent samstarf, sem hafi sýnt sig í gegnum árin að hafa komið félaginu vel. Væri þar skemmst að minnast aðstoðar DKK við menntun sýningardómara, aflestur ad/hd mynda hjá SKK gegn vægara gjaldi og betri þjónustu, sem og væntanleg afnot félagsins af tölvukerfi FKK. Þessir þættur væru til komnir vegna erlends samstarfs og persónulegra kynna, sem liðka fyrir öllu samstarfi. Jóna minntist einnig á mikilvægi þess að styðja áfram vel við starfsemi og uppbyggingu Ungmennadeildar félagsins.

Að þessu sögðu þakkaði fráfarandi formaður fundarstjóra fyrir fundarstjórn og ritara fyrir fundarritun, Þorsteini Þorbergssyni fyrir aðstoð við framsetningu á ársreikningi félagsins og uppsetningu fjarfundabúnaðar og Þorsteini Magnúsi Gunnarssyni fyrir aðstoð við tölvuútbúnað á fundinum. Þá þakkaði hún að lokum þeim félagsmönnum sem unnu að framgangi fundarins.

Að þessu mæltu sagði Jóna Th. Viðarsdóttir fundi slitið kl.23.19.